

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega metin kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Öll veiðarfæri um borð í m/b Stefáni Þór, VE 150, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan málskostnað, þar með talin málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. desember 1970.

Nr. 184/1970. Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Benedikt Ragnari Sigurðssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrætti staðarákvarðanir áhafnar gæzluflugvélarinnar TF — VOR yfir

bátnum. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 28. október 1970, segir m. a. svo:

„A = staður bátsins kl. 1512 h. 2/9 '70 samkvæmt mælingum flugvélarinnar. Staður A mælist um 1.3 sml. frá landi, eða um 1.7 sml. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 1515 um 1.4 sml. frá landi, eða um 1.6 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður bátsins kl. 1518 um 1.5 sml. frá landi, eða um 1.5 sml. innan fiskveiðimarkanna“.

Samkvæmt gögnum málsins verður talið sannað, að bátur ákærða, Einir, VE 180, hafi verið að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um. Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru greinir.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar almenna uppgjöf saka vegna fiskveiðibrota, sem framin voru á íslenskum fiskiskipum frá 14. apríl 1965 til 30. nóvember 1968. Þrír refsisdómar á hendur ákærða, sem kveðnir voru upp 23. marz og 16. apríl 1966 og 29. nóvember 1968, hafa því ekki ítrekunaráhrif. Báturinn Einir, VE 180, er 63.14 rúmlestir brúttó. Gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem var, er héraðsdómur var kveðinn upp.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi, kr. 40.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dagsettri 3. september 1970, var verðmæti veiðarfæra bátsins kr. 43.000.00 og verðmæti afla kr. 32.022.10. Skulu þessi andvirði veiðarfæra og afla vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda sins fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Andvirði afla v/b Einis, VE 180, kr. 32.022.10, og andvirði veiðarfæra, kr. 43.000.00, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera ódöskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum her að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 5. september 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 4. þ. m., útgefinni af saksóknara ríkisins, á hendur skipstjóranum á vélbátnum Eini, VE 180, Benedikt Ragnari Sigurðssyni, Kirkjuvegi 39, Vestmannaeyjum, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis miðvikudaginn 2. september 1970 vestur af Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, nr. 87/1958, nr. 4/1961 og nr. 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Er nefndur Benedikt Ragnar ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, er fæddur 4. nóvember 1934 í Vestmannaeyjum og hlaut tvisvar sinnum á árinu 1966 og hinn 29. nóvember 1968 að sæta refsingum fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, en hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar þessa þrjá dóma.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, dags. 3. september 1970, undirritaðri af skipherra flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, Sigurði Þorkeli Árnasyni, segir svo:

„Miðvikudaginn 2. september 1970 var gæzluflugvélin TF-VOR á eftirlitsflugi V af Ingólfshöfða. Um kl. 15.08 var tekið eftir fiskibát grunnt undan landi skammt V við Ingólfshöfða.

Kl. 15.10 var komið að m.b. EINI, VE 180, sem var með vörpuna á síðunni, hlera í gálum og hluta vörpunnar í sjó, einnig var nokkur fiskur á þilfari.

Kl. 15.12 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum:

△ HATTA	
V.k. LÓMAGNÚPUR	> 53°59'
INGÓLFSHÖFÐAVITI	> 124°36'

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm. Gefur það stað bátsins um 1.3 sjóm. frá landi.

Kl. 15.14 sást, að báturinn var búinn að taka inn vörpuna og kominn á ferð og hélt V-læga stefnu.

Kl. 15.15 var staðarákvörðunin endurtekin yfir bátnum:

△ HATTA	
V.k. LÓMAGNÚPUR	> 54°36'
◁ SALTHÖFÐI	> 100°16'

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm. Gefur það stað bátsins um 1.4 sjóm. frá landi.

Kl. 15.18 var staðarákvörðunin enn endurtekin yfir bátnum:

△ HATTA	
V.k. LÓMAGNÚPUR	> 55°14'
◁ SALTHÖFÐI	> 100°11'

Flughæð 500 fet, flughraði 139 sjóm. Gefur það stað bátsins um 1.5 sjóm. frá landi.

Ekki var hægt að hafa samband við bátinn, þar sem talstöð flugvélarinnar reyndist biluð.

Kl. 15.22 var báturinn yfirgefinn, og var hann þá á V leið með veiðarfærin innanborðs.

Framanskráðar mælingar voru gerðar af undirrituðum og Bene-

dikt Guðmundssyni, stýrimanni, með sextöntum, og var venju-
legur háttur hafður á við mælingarnar.

Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti No. 30, þar
sem staðir bátsins kl. 15.12, kl. 15.15 og kl. 15.18 eru markaðir.

Veður: Breytileg átt, skýjað“.

Fyrir sakadóm Vestmannaeyja kom Sigurður Þorkell Árnason
skipherra og Benedikt Gunnar Guðmundsson stýrimaður af áhöfn
gæzluflugvélarinnar TF—VOR í umrætt sinn, báru vætti og stað-
festu framburði sína með eiði. Kvaðst skipherra hafa samið
skýrsluna á rskj. nr. 1 og væri hún rétt í öllum atriðum. Þá
kveðst skipherra hafa yfirfarið útsetningarnar á rskj. nr. 2 og
væru þær réttar. Stýrimaður gæzluflugvélarinnar staðfesti, að
skýrsla skipherra á rskj. nr. 1 væri rétt, en stýrimaðurinn kvaðst
hafa sett út í sjókortið á rskj. nr. 2 og væru þær útsetningar
réttar. Páll Halldórsson, flugmaður á gæzluflugvélinni TF—VOR
í umrætt sinn, kom einnig fyrir sakadóm Vestmannaeyja og
staðfesti vætti sitt, en eigi verður neitt ráðið af framburði þessa
vitnis um sakargiftir á hendur ákærða.

Af vætti skipherra verður ráðið, að hluti vörpu bátsins hafi
verið á lunningu bátsins og hluti hennar í sjó, og álitur skip-
herra, að helmingur vörpunnar hafi verið í sjó kl. 1510 um-
ræddan dag. Eigi kvaðst skipherrann hafa séð, hvaða hluti vörp-
unnar var í sjó, en 4 mínútum eftir fyrsta aðflug, kl. 1510, hafi
varpan verið komin inn fyrir.

Stýrimaður gæzluflugvélarinnar kvaðst hafa séð, að mikill
hluti af neti var á lunningu bátsins um það bil frá afturgálga
og fram undir forgálga, en eigi sá vitni þetta pokann.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja, kvaðst hann
hafa verið staddur í brú m/b Einis, VE 180, hinn 2. þ. m., er
flugvélin kom að bátnum, og væri staðsetning á bátnum á rskj.
nr. 2 mjög nærri lagi. Eigi kvaðst ákærði hafa fram að leggja
staðsetningu á bátnum á umræddum tíma.

Á umræddum tíma kvað ákærði forvæng vörpu bátsins hafa
verið útbyrðis, en aðrir hlutar hennar hafi verið á lunningunni.
Hlerar hafi verið í gálgu. Síðar sagði ákærði, að hann hefði
stöðvað bátinn, um 5—10 mínútum áður en flugvélin kom að
honum, og kveðst hann hafa stöðvað til þess að taka hlerana inn
fyrir svo og hluta vörpunnar, sem hefði dregist í sjónum. Kvaðst
ákærði hafa haft forvænginn úti, rópana fasta, en aðra hluta
vörpunnar innanborðs. Enn síðar kvað ákærði um helming vörp-

unnar, þ. e. vænginn og bugt af belgnum, hafa verið í sjó kl. 1510 í umrætt sinn, en ákærði kvaðst hins vegar eigi hafa verið að toga með vörpunni.

Áður en ákærði varð flugvélarinnar var, kveðst hann hafa sent Ingimund Axelsson háseta fram í til þess að vekja skipverja, þar eð hann ætlaði að taka hlerana og forvænginn inn fyrir. Klukkan hafi þá verið 1510. Kveðst ákærði nú hafa ætlað að skipta um rúllu í dýptarmælinum, en þá hafi einn skipverjanna kallað til hans, að báturinn lægi öfugur fyrir vindi. Kveðst ákærði þá hafa litið út um gluggann og séð, að Niels Joenson, 2. vélstjóri, og Ingimundur háseti höfðu sett poka vörpunnar á lunninguna. Kveðst ákærði hafa sagt þeim að taka allt inn fyrir og í því hafi flugvélin flogið yfir.

Er hér var komið, hafi bátinn tekið að reka yfir netið, og kveðst ákærði því hafa bakkað bátnum, rétt áður en flugvélin flaug yfir.

Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið að toga og hafi ekki ætlað að fara að toga í umrætt sinn, en hann kvaðst hins vegar álíta, að nefndir Niels og Ingimundur hafi talið, er þeir voru ræstir kl. rúmlega 1500 umræddan dag, að kasta ætti, enda hafi þeir verið að undirbúa kast, er mættur leit út um gluggann.

Ákærði kveðst hafa á umræddum tíma verið að leita að lóðningum og hafi hann við þetta fært sig bæði utan og innan við 3ja sjómílna mörkin.

Vitnið Halldór Almarsson, stýrimaður á m/b Eini, VE 180, 18 ára að aldri, kom fyrir dóm, þar vætti og vann eið að framburði sínum. Vitnið kvaðst hafa verið ræst af Niels vélstjóra og verið nýkomið upp á þilfar, er flugvélin flaug yfir. Er vitnið kom upp, voru Niels og Ingimundur að taka forvænginn inn fyrir, og kveðst vitnið hafa farið að aðstoða þá við að taka rossið á vængnum og hlerana inn fyrir, en varpan var á dekkinu, forvængurinn lá út af síðu bátsins niður í sjó og hlerar í gálum, er vitnið kom upp. Eigi var minnst á það við vitnið, hvað gera skyldi, er það var ræst.

Vitnið skýrði svo frá, að síðast, er híft var, áður en flugvélin kom að, hafi þannig verið gengið frá vörpunni, að pokinn hafi verið tekinn inn fyrir, varpan sett í kassann aftur á dekkinu, dregið í afturvænginn upp í kassann, þar sem varpan lá, bútur af afturvængnum og rossið híft upp í gálablökk og afturhlerinn híður upp í blökk, höfuðlínan á forvængnum tekin inn fyrir

og slakinn tekinn af fótrepinu, þannig að það hafi verið strekkt, og forhlerinn hafi verið hífður upp í blökk eins og afturhlerinn. Hafi þessi umbúnaður verið óbreyttur, er vitnið kom upp um kl. 1510 umræddan dag, að því undanskildu, að byrjað hafði verið á því að taka forvænginn inn fyrir.

Vitni þetta skýrði enn fremur svo frá, að byrjað væri á því, áður en veiðar hæfust, að setja út vængina, síðan væri pokinn tekinn og honum hent í sjóinn og belgurinn því næst tíndur út.

Loks skýrði vitnið svo frá, að venjulega væri varpan látin þannig út, að pokinn væri hífður upp, vitnið leysi síðan frá honum, slakað væri niður og einhver, sem tæki sér stöðu í kassanum, tíndi út belginn og er hann væri kominn út, tæki vitnið ásamt einhverjum öðrum pokann og henti honum út.

Vitnið Jón Katarínusson, 1. vélstjóri á m/b Eini, VE 180, 39 ára að aldri, bar vætti og vann eið að framburði sínum. Vitnið kvað umbúnað vörpunnar hafa verið þannig, er flugvélin kom að bátnum, að forvængur hennar hafi verið úti og afturvængurinn inni nema smábugt af honum, sem náði út fyrir hlerann. Hlerar hafi verið í gálga, en ekki kvaðst vitnið vita neitt um pokann. Hafi Ingimundur og Niels tekið inn forvænginn og annar hvor þeirra afturvænginn. Ekki heyrði vitni þetta sagt, að kasta ætti.

Vitnið Niels Alviníus Joenson, 2. vélstjóri á m/b Eini, VE 180, 26 ára að aldri, bar vætti og staðfesti það með eiði. Vitnið kvaðst hafa ásamt Ingimundi tekið forvænginn og hlerana inn fyrir og hafi flugvélin flogið yfir, meðan þeir voru að taka vænginn inn fyrir. Hafi allur forvængurinn verið í sjó, en vitnið kvað eigi nema um 20% vörpunnar hafa verið í sjó og hafi ekki verið togað með vörpunni, er flugvélin flaug yfir, heldur hafi báturinn verið kyrr þá. Báturinn hafi verið á keyrslu í u. þ. b. 1—1½ klst., áður en stöðvað var þarna, og hafi á keyrslunni forvængurinn allur verið í sjó, smáhluti afturvængsins hafi hangið niður í sjó, en belgurinn og pokinn á dekkinu og annað af afturvængnum, er áður er getið. Vitnið kveðst einungis hafa tekið forvænginn inn.

Vitni þetta kveðst hafa kallað til ákærða, rétt áður en flugvélin flaug yfir, að báturinn lægi öfugur fyrir vindi, en eigi kveðst vitnið vita til þess, að net hafi verið sett út, rétt áður en flugvélin flaug yfir.

Ekki var minnst á við vitni þetta, að kasta ætti.

Ingimundur Axelsson, háseti á m/b Eini, VE 180, 25 ára að

aldri, bar vætti og staðfesti það með eiði. Vitni þetta kveðst hafa ásamt stýrimanni og 2. vélstjóra verið að taka forvænginn inn fyrir, er flugvélin kom að bátnum. Hafi smáhluti afturvængsins hangið út fyrir, en vitnið kvaðst álíta, að afturvængurinn hafi ekki náð niður í sjó. Ekki kvaðst vitni þetta vita, hver tók afturvænginn inn fyrir, en báturinn hafi verið stöðvaður, er forvængurinn var tekinn inn. Hlerana kvað vitnið líka hafa verið úti. Vitnið þetta kveðst hafa sett hluta af pokanum út, þannig að hann rétt merkti sjóinn, og kveðst vitnið hafa gert þetta, þar eð það áleit, að kasta ætti, en kveðst hafa tekið pokann aftur inn fyrir, er það veitti því athygli, að báturinn lá öfugur fyrir vindi. Enginn sagði vitninu að setja pokann út né taka hann inn fyrir aftur, en þetta var, áður en flugvélin kom að, og hafði vitnið tekið pokann aftur inn fyrir, áður en hún kom að og áður en eða á meðan stýrimaður og Niels komu upp. Vitnið kveðst eitt hafa verið við að setja pokann út og taka hann inn.

Vitni þetta segir, að komið hafi verið að vaktaskiptum, er það fór að ræsa stýrimann og Niels um kl. 1510 þennan dag, en stýrimaður bátsins bar, að eftir að lokið hafði verið við að taka forvænginn inn og hlerana, hafi 1. vélstjóri og hásetinn átt um hálfa klukkustund af vaktinni.

Ákærði bar, að forvængurinn hefði verið úti, en hinn hluti vörpunnar á lunningunni, þegar flugvélin kom að, en vitnið Ingi-mundur bar, að það hafi þá verið búíð að taka inn pokann og þá hafi ekki annar hluti vörpunnar verið útbyrðis en forvængurinn, og er því framburður vitnisins ekki í samræmi við framburð ákærða um þetta atriði.

Af framangreindum framburðum yfirmanna flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, ákærða og skipverja hans er ljóst, að ákærði hafði veiðarfæri m/b Einis, VE 180, í sjó á umræddum stað í umrætt sinn, og álíta verður, að ákærði hafi ætlað að hefja togveiðar, og hefur ákærði því fullframið fiskveiðibrot og gerzt með því sekur um brot á öllum þeim lagaákvæðum, er í ákæruskjali greinir, og unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 4. gr., sbr. nú 5. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 40.000.00 í sekt, er honum ber að greiða í Landhelgissjóð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Eini, VE 180, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

M/b Einir, VE 180, er 64 rúmlestir að stærð samkvæmt skrá yfir íslensk fiskiskip 1970.

Samkvæmt síðustu opinberum skýrslum eru 100 gullkrónur jafnvirði 3.992.93 seðlakróna.

Ákærði greiði allan skarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Ragnar Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Eini, VE 180, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum .
